



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri Félagsbústaða

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um þjónustu Félagsbústaða utan skrifstofutíma

Þann 15. mars 2023 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um þjónustu Félagsbústaða utan skrifstofutíma:

Flokkur fólksins hefur fengið kvartanir frá leigjendum Félagsbústaða um að ekki sé hægt að fá aðstoð hjá Félagsbústöðum ef eitthvað fer úrskeiðis utan skrifstofutíma. Í þessum kvörtunum kemur fram að rafmagnlaust hafi verið í 12 tíma í fjölda íbúða á Meistaravöllum. Leigjendur reyndu að hafa samband við Félagsbústaði en það var ekki hægt og urðu þeir því að hringja í 112. Flokkur Fólksins spyr hvort þetta sé rétt og hvort ekki sé hægt að hringja í eitthvað neyðarnúmer hjá Félagsbústöðum utan hefðbundins opnunartíma ef upp kemur bilun eða erfitt tilvik hjá leigjendum Félagsbústaða?

Svar:

Um nokkurn tíma hafa Félagsbústaðir ekki auglýst neyðarsíma utan hefðbundins opnunartíma. Komi upp neyðartilvik eins og bruni eða innbrot hefur lögregla eða slökkvilið samband við Félagsbústaði sem bregðast við með viðeigandi hætti.

Nú er hins vegar verið að undirbúa að auka við þjónustuna með því að hafa sérstakt neyðarnúmer sem svarað er í utan hefðbundins opnunartíma. Gera má ráð fyrir að þjónustan verði kynnt innan fárra vikna.